

„Svo taka þau ákvörðun seinna“

Val foreldra tengt skírni og nafngjöf ungbarna

Inngangur

Á tveimur áratugum hefur þeim fækkað sem láta skíra ung börn sín í þjóðkirkjunni. Fækkunin er bæði töluleg og hlutfallsleg, sem hlutfall af þjóðinni.¹ Þessi þróun helst í hendur við svipaða þróun á Norðurlöndum þar sem lútherskar meirihlutakirkjur hafa starfað frá siðbreytingartíma.

Í þessari grein er sjónum beint að afstöðu fólks til skírnar, þ.e. af hverju foreldrar velja eða velja ekki að láta skíra börn sín. Greinin er byggð á eigindlegum viðtölum við foreldra þar sem leitað er svara við eftirfarandi spurningu: Hvað liggur til grundvallar því að foreldrar velja eða velja ekki að láta skíra börn sín? Bakgrunnur og nærumhverfi eru skoðuð og hugsanlegir áhrifaþættir, sem og afstaða til kristindóms og trúar. Markmiðið með rannsókninni var að stíga fyrstu skref til að bæta úr skorti á rannsóknum á þessu sviði hérlendis.

Farið verður yfir það sem vitað er um hvers vegna skírnum hefur fækkað hérlendis og einnig lítið til Norðurlanda þar sem þróun hefur verið svipuð. Þá er gerð grein fyrir viðtalsramma og viðmælendum, sem og hvernig unnið var úr viðtölunum. Þá kemur ítarlegur kafli um niðurstöður viðtalanna og svo umræða um þær í ljósi kenninga. Í lokin eru niðurstöður dregnar saman. Þessi grein er sú seinni af tveimur sem tengjast þessari rannsókn.² Í fyrri grein er meðal annars að finna tölulegar upplýsingar um skírni og kenningar félagsfræðinga um þau snjóboltaáhrif sem verða þegar vendipunktur er náð og hefðir eða skoðanir sem áður þóttu sjálfsagðar breytast eða hverfa.

Fyrri rannsóknir á skírni á Íslandi

Rannsóknir á sviði trúarlífsfélagsfræði um afstöðu fólks til skírnar hafa verið afar takmarkaðar á Íslandi. Til dæmis er aðeins finna tvær BA-ritgerðir sem tengjast þessu sviði hjá Háskólabókasafni, aðra úr guðfræði og hina úr mannfæði,³ og engar meistararitgerðir. Í meginlegri könnun um trúarlíf Íslendinga, sem gerð var á vegum þjóðkirkjunnar og fleiri aðila og Gallup framkvæmdi

¹ Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, „Skírni á breytingaskeiði: Er vendipunktur náð?“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 58/2024, bls. 54–69, hér 56–57.

² Sama heimild.

³ Upplýsingar um íslenskt efni og norrænt má finna í gagnagrunni norræna verkefnisins, sótt 5. mars 2025 af [churchesintimesofchange.org/annotated-bibliography-and-database-on-materials](https://www.interchurch.dk/aktiviteter/churches-in-times-of-change/annotated-bibliography-and-database-on-materials) og <https://www.interchurch.dk/aktiviteter/churches-in-times-of-change/annotated-bibliography-and-database-on-materials>.

árið 2004, voru viðmælendur ekki spurðir um skírni og engin önnur meginleg könnun hefur heldur verið gerð þar sem afstaða fólks til skírnar er skoðuð. Í greininni „Skírni á breytingaskeiði“, sem hér er nefnd frammar, er töluleg þróun skírna hérlendis frá aldamótum rakin þar sem hún er skoðuð með hliðsjón af hlutfalli nýfæddra og sú þróun sett í samhengi við þróun og rannsóknir á sama viðfangsefni annars staðar á Norðurlöndum. Þar er meðal annars sett fram sú kenning að vendipunkti (e. *tipping point*) sé náð hér á landi og sá siður að láta skíra ungbörn muni halda áfram að láta undan.⁴

Þessi rannsókn er skref í þá átt að auka skilning á afstöðu fólks til skírnar með hliðsjón af tölulegri þróun skírna hérlendis. Rannsóknin er unnin innan fræðasviðs hagnýtrar guðfræði og aðferðir trúarlífsfélagsfræði við öflun, úrvinnslu og túlkun gagna eru nýttar. Rannsóknarsviðið er afstaða foreldra ungra barna til skírnarinnar, bæði þeirra foreldra sem velja skírni og þeirra sem velja að láta ekki skíra börn sín. Annars staðar á Norðurlöndum má finna fjölda rannsókna er snerta skírni, bæði þeirra sem hafa verið gerðar á vegum lúthersku meirihlutakirknanna, rannsóknarstofnana og sjálfstæðra fræðimanna, sem og doktorsnema. Við gerð og úrvinnslu þessarar rannsóknar var höfð hliðsjón af eigindlegum og meginlegum rannsóknum á afstöðu fólks til skírnar annars staðar á Norðurlöndum.⁵

Erlendar rannsóknir: Óskýr trú, bútasaustrú og tryggð við hefðir

Breytingar á afstöðu fólks til skírnar tengjast breytingu á afstöðu þess til trúar og iðkun hennar. Þær breytingar tengjast ferli sem kallað er afhelgun (e. *secularisation*). Félagsfræðingar eru yfirleitt sammála um að afhelgun eigi sér stað á okkar tímum en þá greinir á um hvernig það gerist og um áhrif þessa ferlis. Breski félagsfræðingurinn Grace Davie er ein þeirra félagsfræðinga sem, þegar fyrir síðustu aldamót, benti á að kenningar um afhelgun væru flóknari en svo að áhrif trúarstofnana færu þverrandi af því að fólk hætti að trúá. Hún setti fram kenningar um breytt trúarmynstur í Bretlandi þar sem kirkjusókn hefði minnkað stórlega en fólk lýsti samt trúarlegum eða andlegum skoðunum. Hún kallaði þetta mynstur „að trúá en tilheyra ekki“ (e. *believing without belonging*) og vísar þar m.a. til þess að það eru þeir sem mæta í messu sem fyrst og fremst teljast sóknarbörn í anglíkónsku kirkjunni í Bretlandi.⁶ Hún notaði hins vegar annan frasa til að lýsa trúarlegu mynstri á Norðurlöndum við upphaf tuttugustu og fyrstu aldar þar sem fólk virtist sátt við að tilheyra kirkjunni þó að það væri

⁴ Sama heimild, bls. 69.

⁵ Sjá m.a. Karen Marie Leth-Nissen og Astrid Krabbe Trolle, *Døb eller ej? Rapport om småbørnsforældres til- og fravalg af dåb*, Det Teologiske Fakultet, Københavns Universitet, 2015; Karen Marie Leth-Nissen og Berit Weigand Berg, *Døb i dag: Traditionen til forhandling*, Det Teologiske Fakultet, Københavns Universitet, 2020; Svend Klemmetsby, „Hvorfor de valgte bort dåpen: Samtaler med sju småbørnsforeldre som er medlemmer av Den norske kirke, men som ikke har døpt sine barn“, *Luthersk Kirketidende* 18/2015, bls. 430–434; Ida Marie Høeg og Ann Kristin Gresaker, „Når det røkkes ved tradisjon og tilhørighet, perspektiver på nedgangen i oppslutning om dåp“, *Luthersk Kirketidende* 18/2015, bls. 427–429; Andreas Sandberg, Ingegerd Sjölin og Josephine Ganebo Skantz, *Dop i förändring: En studie av föräldrars aktiva val och församlingars strategiska doparbete*, Svenska kyrkan, 2019; Hanna Salomäki, „Worship, Church Ceremonies and Christian Holidays“, *Religion in Daily Life and in Celebration: The Evangelical Lutheran Church of Finland, 2016–2019*, Publication 65, rittstj. Hanna Salomäki, Maarit Hytönen, Kimmo Ketola, Veli-Matti Salminen og Jussi Sohlberg, The Church Research Institute, 2021, bls. 91–134.

⁶ Grace Davie, *Religion in Britain since 1945: Believing without belonging*, Blackwell, 1994.

ekki virkt í starfi. Það vildi að kirkjan væri til staðar ef á þyrfti að halda. Hún kallaði þetta „að trú á að tilheyra“ (e. *believing in belonging*).⁷ Fleiri fræðimenn taka undir það að breytingarnar snúist ekki um trú eða ekki trú heldur um breytingar á trúnni. Breski trúarlífsfélagsfræðingurinn Linda Woodhead bendir á að jafnvel þau sem segjast ekki tilheyra neinu trúfélagi, hópur sem á ensku er oft kallaður „nones“, lýsi oft eigin trúarlegum eða andlegum skoðunum.⁸

Aðrir félagsfræðingar telja ekki rétt að flokka slíka afstöðu sem trú. Breski félagsfræðingurinn David Voas bendir á að sjá megi að mikilvægi trúar minnki með hverri kynslóð sé horft til evrópskra gildakannana. Vissulega séu margir hvorki reglulegir kirkjugestir né meðvitað trúlausir. Hann notar hugtakið „óskýr trú“ (e. *fuzzy fidelity*) yfir þann hóp og bendir á að trúarlegar breytingar í öðrum löndum Evrópu komi fram með svipuðum hætti, sem sé, að trú hnigni. „Óskýr trú“ sé aðeins skref á leið til trúleysis. Hún vaxi á ákveðnum tímamarki en henni hnigni svo.⁹

Maskína gerði meginndlega könnun fyrir lífsskoðunarfélagið Siðmennt árið 2020 þar sem meðal annars var spurt um trú. Þau sem sögðust játa kristna trú fengu fjóra möguleika til að lýsa henni. Tæplega 31% lýsti því að þau tryðu á „guð, Jesú, upprisuna og eilíft líf“ og aðhylltust boðskap Biblíunnar. Stærsti hópurinn, 46,5%, merkti við lýsinguna: „Ég er ekki með öllu viss um tilvist guðs en trú á boðskap kristninnar og siðferði hennar.“ Tæplega 11% sögðust ekki trú á guð en aðhyllast kristni og siðferði hennar og tæp 12% merktu við að þau væru trúlaus en tilheyrdi kristinni hefð, færu jafnvel í messu á stórhátíðum.¹⁰ Það eru einkum tveir síðustu hóparnir sem falla sterklega undir kenningu Voas um óskýra trú.

Bútasaumstrú eða samsett trú, á dönsku „bricolage religiøsitet“, er hugtak sem danski guðfræðingurinn Karen Marie Leth-Nissen og trúarlífsfélagsfræðingurinn Astrid Krabbe Trolle hafa sett fram og vísa til einhvers sem byggt er úr kubbum eða sett saman eftir eigin höfði. Þær nota hugtakið til að lýsa því þegar fólk sem skilgreinir sig kristið eða tilheyrir kirkjunni lýsir sér einnig sem t.d. andlegum búddistum eða dregur á annan hátt saman efni og iðkun úr fleiri en einum trúarbrögðum og andlegum hreyfingum. Kenning þeirra er lýsandi og kemur ekki inn á mögulega hnignun á sama hátt og kenning Voas um „óskýra trú“. Að vissu leyti hentar hugtak þeirra Leth-Nissen og Krabbe betur til að lýsa þróuninni á Norðurlöndum en skilgreining Voas.

Frekari breytingar í tengslum við guðshugmynd má sjá á meginndlegum trúarlífskönnunum hér á landi. Í könnun Guðfræðistofnunar og fleiri á trúarlífi Íslendinga frá 2004 er spurt um trú og miðlun trúar. Þátttakendur voru beðnir að bregðast við nokkrum staðhæfingum um Guð og merkja við þær staðhæfingar sem þeir voru sammála. Hægt var að merkja við fleiri en eina. Flestir merktu við staðhæfinguna „Til er kærleiksríkur Guð sem við getum beðið til.“

⁷ Grace Davie, *Religion in Modern Europe*, Oxford University Press, 2000.

⁸ Linda Woodhead, „The Rise of “No Religion”: Towards an Explanation“, *Sociology of Religion* 78:3/2017, bls. 247–262, hér 254–256, <https://doi.org/10.1093/socrel/srx031>. Sjá einnig: Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, „Skírnin á breytingaskeiði“, bls. 61–62.

⁹ David Voas, „The Rise and Fall of Fuzzy Fidelity in Europe“, *European Sociological Review* 25:2/2009, bls. 155–168, <https://doi.org/10.1093/esr/jcn044>.

¹⁰ Siðmennt, *Lífsskoðanir Íslendinga og trú*, könnun gerð af Maskínu, febrúar 2020, sótt 28. nóvember 2025 af <https://www.sidmennt.is/media/mmed3ggw/lifsskodanir-islendinga-konnun-sidmenntar-2020.pdf>.

Alls voru 47% kvenna og 31% karla sammála þessari fullyrðingu árið 2004.¹¹ Pétur Pétursson hefur skilgreint þessa guðsmynd Íslendinga sem barnatrú, trú sem á rætur í trú barnsins og bænnum með foreldrum. Þar er miðlunin í lykilhlutverki, sem og tilfinning barnsins fyrir öryggi og vernd, tilfinning sem fylgir manneskjunni og tengist trú hennar.¹² Pétur Pétursson hefur líka tengt þessa fullyrðingu kristinni trúariðkun á heimilinu, einkum kvöldbæninni. Minnkandi fylgni við staðhæfinguna um að til sé kærleiksríkur Guð sem við getum beðið til gæti því bent til þess að sú hefð að biðja kvöldbænir fari þverrandi. Þetta má sjá ef bornar eru saman trúarlífskannanir Guðfræðistofnunar frá 1990 og 2004. Niðurstöður úr nýlegri könnun sem Félagsvísindastofnun gerði fyrir Terry Gunnell benda til að fylgni við þessa fullyrðingu hafi breyst mikið þar sem aðeins 25% viðmælenda tóku undir fullyrðinguna „Til er kærleiksríkur Guð sem við getum beðið til“.¹³

Kanadíski heimspekingurinn Charles Taylor hefur bent á hve einstaklingshyggja er mótandi afl í siðfræðiviðhorfum samtímans. Í stað þess að leita að réttum viðmiðum hjá stofnunum samfélagsins er leitað inn á við þar sem hið rétta viðmið, „áreiðanleikinn“ eða „sanngildið“, er að vera trúur sjálfum sér og því sem einstaklingurinn finnur hjá sér að er rétt, því sem er „ekta“.¹⁴ Karen Marie Leth-Nissen og Astrid Krabbe Trolle, sem áður voru nefndar, hafa tengt það sjónarmið útfærslu einstaklinga á því að trúa „á sinn hátt“, þ.e. velja úr kristinni trú eða fleiri trúarbrögðum „eigin trúarlegan pakka“, sem hún kallar bútasaumstrú (d. *religious patchwork* eða *bricolage*).¹⁵

Trúarlífsfélagsfræðingar hafa lengi bent á tengsl trúarlegrar mótunar í bernsku og trúar á fullorðinsárum. Nýleg könnun frá Bretlandi staðfestir þetta, þar sem fram kemur að 45% þeirra sem alin eru upp af kristnum foreldrum skilgreina sig sem „nones“ sem fullorðin en 95% þeirra sem alin eru upp án trúar. Í ljósi þess er einnig mikilvægt að skoða þróunina hérlandis og þær hugmyndir sem foreldrar, bæði þau sem láta skíra börn sín og þau sem gera það ekki, hafa um forsendur barna sinna til að taka afstöðu.¹⁶

Framkvæmd rannsóknarinnar

Í þessari rannsókn var rætt við foreldra barna sem ýmist hafa valið að láta skíra barn sitt (börn sín) eða ekki. Tekin voru tíu viðtöl við foreldra ungra barna. Allir foreldrarnir voru í sambúð þegar viðtalið var tekið en í þremur tilfellum var bara annað foreldrið viðstatt. Viðmælendur voru því alls 17. Í fimm

¹¹ Spurningin kom einnig fram í könnun árið 1990. Sjá: Björn Björnsson og Pétur Pétursson, *Trúarlíf Íslendinga*, Studia Theologica Islandica/Ritröð Guðfræðistofnunar 3, ritstj. Jónas Gíslason, Háskóli Íslands, 1990; Gallup, *Trúarlíf Íslendinga: Viðborfsrannsókn*, febrúar–mars 2004, [til birtingar á netinu], bls. 40.

¹² Pétur Pétursson, „Nú legg ég augun aftur“: Tölfræðilegar hugleiðingar um bænir og barnatrú Íslendinga“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 21/2005, bls. 137–157.

¹³ *Survey of Icelandic Folklore Belief and Belief Attitudes: Paenl* [svo] *Survey*, Social Sciences Institute, University of Iceland, July–September 2023, https://fel.hi.is/sites/fel.hi.is/files/2024-02/Folkbelief_2023_en.pdf, sótt 5.5.2026.

¹⁴ Charles Taylor, *The Ethics of Authenticity*, Harvard University Press, 2018, Kindle-útgáfa.

¹⁵ Karen Marie Leth-Nissen og Astrid Krabbe Trolle, *Dáb eller ej?*, bls. 54–55; Karen Marie Leth-Nissen og Berit Weigand Berg, *Dáb i dag*, bls. 72–73.

¹⁶ Linda Woodhead, „The Rise of “No Religion”“, bls. 252–253.

tilvikum var um að ræða fólk sem valið hafði að láta skíra barnið sitt og í fimm tilvikum fólk sem ekki valdi það.

Staða rannsakanda

Höfundur þessarar greinar og rannsakandi starfaði sem prestur á þeim tíma sem rannsóknin var gerð og hefur skírt fjölda barna og hefur einnig í starfi sínu rætt við foreldra sem eru ekki vissir um hvaða leið þeir eigi að velja í þeim efnum. Það var undirritaðri því mikilvægt að vera meðvituð um hættuna á hlutdrægni, bæði í spurningum og í túlkun. Enginn viðmælandi hafði þegið þjónustu rannsakanda. Hvað stöðu sem prestur varðar tók ég fram við upphaf viðtals að um fræðilega rannsókn væri að ræða sem tengdist ekki prestsstarfi. Viðmót og svör gáfu ekki til kynna að staða rannsakanda hefði truflandi áhrif.

Rannsakandi var þátttakandi í starfshópi á vegum norrænu meirihlutakirknanna á árunum 2020–2023 sem skoðaði skírn á Norðurlöndum frá margs kyns sjónarhóli.¹⁷ Sú vinna skilaði sér í víðari sýn á hver staðan er í nágrannalöndum okkar, þar á meðal sýn á þær breytingar á afstöðu sem komið hafa fram í könnunum þar. Mótandi áhrif við undirbúning þessarar rannsóknar voru kenningar finnska trúarbragðafræðingsins Kimmo Ketola um snjóboltaáhrif þegar kemur að breytingum á félagslegri hegðun. Sú túlkun tengist kenningum bandaríska félagsfræðingsins Ronalds Inglehart um um þróun nútímavæðingar. Gerð var grein fyrir þessum viðhorfum í fyrri greininni um þetta efni, „Skírnin á breytingaskeiði“.¹⁸ Nálgun rannsakanda er því mótuð af þessum kenningum og getur það haft áhrif á hvernig lesið er í gögnin.

Viðtöl og úrvinnsla

Leit að viðmælendum var vandasöm. Tími setti ákveðnar skorður við framkvæmd svo að ljóst var að fjöldi viðmælenda yrði takmarkaður. Ákveðið var að finna jafnmörg pör í hvorum hópi, hópi þeirra sem létu skíra barn sitt/börn sín og hópi þeirra sem gerðu það ekki, og að a.m.k. 40% væru búsett á landsbyggðinni. Við leit að viðmælendum var haft samband við kunningja, þar á meðal presta, og þeir beiðnir um tillögur að viðmælendum. Í tveimur tilvikum kannaðist spyrjandi við viðmælendur; í annað skiptið þekkti spyrjandi foreldra annars viðmælandans og í hinu tilfallinu voru viðmælendur kunningjar ættmennis. Spyrjandi telur svörin ekki benda til að þetta hafi haft áhrif. Mögulegir viðmælendur, alls 14 pör, fengu síðan bréf þar sem rannsóknin var kynnt og þeim boðin þátttaka. Tíu af 14 pörum samþykktu þátttöku. Af þessum tíu bjuggu fimm á höfuðborgarsvæðinu og fimm í bæjum á landsbyggðinni.

Flest viðtölin fóru fram sumarið og haustið 2023. Átta viðtöl voru tekin heima hjá viðmælendum og eitt á vinnustað viðmælanda. Síðasta viðtalið var tekið í febrúar 2024 á netinu með notkun Zoom-fundarbúnaðarins. Í kynningu

¹⁷ Sjá: Harald Hegstad, Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, Magnus Evertsson, Jonas Adelin Jørgensen og Jyri Komulainen, *Baptism in Times of Change: Exploring New Patterns of Baptismal Theologies and Practices in Nordic Lutheran Churches*, Church of Sweden Research Series 22, Pickwick Publications, 2025.

¹⁸ Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, „Skírnin á breytingaskeiði“, bls. 57–59.

áður en viðtölin hófust kom fram að leitast yrði við að gæta þess að upplýsingar væru ekki persónurekjanlegar. Allir viðmælendur gáfu upplýst samþykki. Við afritun var nöfnum allra breytt og staðir verða ekki nefndir nákvæmlega, einungis höfuðborgarsvæði eða bær á landsbyggðinni.

Í fjórum viðtölum var rætt við foreldra fyrsta barns en í sex viðtölum áttu foreldrar tvö eða fleiri börn. Aldur viðmælanda var frá 26 til 40 ára, sem setur hópinn í kynslóðaflokkana Y og Z.¹⁹ Samkvæmt alþjóðlegu gildakönnuninni²⁰ eru þetta aldurshóparnir sem sýndu minnsta fylgni við sjónarmiðið að trú sé mikilvæg og trúir tæpur helmingur fólks í þessum aldurshópi á Guð.²¹ Meðalaldur foreldranna í þessari rannsókn er þannig að þau sem létu skíra börn sín er 33,8 ár en meðalaldur þeirra sem ekki létu skíra börn sín er 31,4 ár.

Öll viðtölin voru tekin upp og skrifuð niður orðrétt. Þau voru síðan greind með aðstoð forritsins Taguette.²² Við greiningu var stuðst við gagnvirka þema-greiningu (e. *reflexive thematic analysis*) byggða á skilgreiningu Victoriu Clarke og Virginiu Braun.²³ Styrkur gagnvirkar þemagreiningar er hve sveigjanleg hún er sem greiningaraðferð. Hún tekur einnig mið af því að greinandi er aldrei hlutlaus og það mótast niðurstöðuna. Kóðun tók frá upphafi mið af viðtalsrammanum og þeim kenningum sem mótuðu hann og síðan var leitað eftir þemum sem birtust (e. *emerging themes*) þegar viðtölin höfðu verið kóðuð. Aðferðin var afleidd (e. *deductive*) og túlkunarramminn er byggður á þeim kenningum sem liggja að baki rannsókninni.

Þar sem vitnað er beint í orð viðmælanda í greininni eru þrír punktar merki um hik. Þrír punktar í hornklofa merkja að einhverju sé sleppt, oft aukaorði, skýringar eru settar í hornklofa og þverstrik afmarkar innskot eða skýringu hjá viðmælanda.

Þeir einstaklingar sem völdu að láta ekki skíra barnið sitt notuðu orðið nafnaveisla yfir athöfnina þegar barninu var gefið nafn. Annað þekkt orð yfir sama viðburð er nafngjafarveisla. Hér er orðið nafnaveisla valið, þar sem það var notað af viðmælendum.

Viðtalsrammi

Eins og greint var frá í upphafi var rannsóknarspurningin eftirfarandi: Hvað liggur til grundvallar því að foreldrar velja eða velja ekki að láta skíra börn sín?

Fjórar undirspurningar voru hafðar í huga við gerð viðtalsramma:

1. Hvers vegna velja foreldrar þá leið sem þeir velja?
2. Hvernig fer ákvörðunin saman við afstöðu þeirra til kristinnar trúar og til þjóðkirkjunnar?
3. Hvernig birtist valið í lífsafstöðu og trúarlegum þáttum eða gildaþáttum í sambúð og við uppeldi barnanna?

¹⁹ Hér er gengið út frá þeirri greiningu að kynslóð X sé fædd u.þ.b. 1965–1980 og kynslóð Y u.þ.b. 1981–1995. Sjá: Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, „Skírnin á breytingaskeiði“, bls. 58.

²⁰ Sama heimild, bls. 58–59.

²¹ Sama heimild, bls. 60.

²² Þetta er eitt af þeim forritum sem hægt er að nota án endurgjalds („open source“ forrit). Viðtölin voru greind innan lokaðs aðgangs á heimasvæðinu [Taguette.org](https://taguette.org).

²³ Virginia Braun og Victoria Clarke, *Thematic Analysis: A Practical Guide*, Sage, 2021.

4. Endurspeglar afstaðan tengsl við nærsamfélag (fjölskyldu og vini) og hefðir þess?

Undirflokkur fyrstu undirspurningarinnar er hvernig foreldrarnir komast að þeirri ákvörðun sem þeir taka, bæði þegar þeir eru sammála og eins þegar þá greinir á. Önnur spurningin snýr að því að hvaða leyti trú eða skortur á trú hefur áhrif á ákvörðunina. Um leið voru viðmælendur beðnir að orða eða lýsa trú sinni eða trúleysi. Með þriðju spurningunni er leitast við að skilja hvort viðmælendur lýsi ólíkum grunngildum og hvort tengja megi það að einhverju leyti ákvörðun um skírn. Fjórdða spurningin tengist annars vegar hefðargildum og hins vegar umhverfismótun.

Við undirbúning rannsóknarinnar var tekið sérstaklega mið af dönsku viðtalsrannsókninni *Dáb i dag* hvað varðar bakgrunn rannsóknarspurninga, með það í huga að geta borið svörin saman við niðurstöður þeirrar rannsóknar.²⁴

Viðtölin fylgdu hálfskipulögðu skema (e. *semi-structured interview*). Rannsakandi hafði skráðar spurningar til að styðjast við og reyndi að gæta þess að svör við þeim öllum kæmu fram, þó að viðtölin þróuðust síðan á ýmsan hátt. Viðtalsramminn fylgdi því ákveðnu skipulagi þó að viðtölin hafi þróast á ýmsan hátt. Spurt var um:

- bakgrunn,
- ákvörðun,
- framkvæmd athafnar,
- afstöðu og reynslu af kirkjunni,
- uppvöxt og upprunafjölskyldu,
- vini og félagslegt umhverfi,
- skilgreiningu á eigin trú,
- gildi sem skipta máli í sambandi við uppeldi,
- „hefðargildi“. (Var eitthvað við athöfnina sem hafði sérstakt tilfinningalegt gildi fyrir foreldrana eða í fjölskyldunni, svo sem kjóll, kerti, skírnarskál?)

Niðurstöður viðtalanna

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir niðurstöðum viðtalanna og þær reifaðar út frá viðtalsrammanum. Fyrst verður rýnt í hvað liggur að baki ákvörðuninni um að láta skíra barn eða ekki, og hvernig og hvort athöfn fór fram. Síðan er greint frá afstöðu foreldranna og reynslu af kirkjunni. Því næst eru gildi foreldra hvað varðar sambúð og uppeldi skoðuð og afstaða þeirra til trúar.

Af þörunum tíu voru fimm sem létu skíra börnin sín, þau Blíða og Borgar, Heiða og Hallur, Nanna og Natan, Nína og Nonni og Þóra og Þórður. Þau sem ekki völdu skírn voru Bogga og Baldur, Díska og Daníel, Fúsi og Freyja, Kristín og Konráð, Ösp og Örn. Öll þörin völdu athöfn, annaðhvort skírn eða nafngjafarveislu. Þó var ein undantekning, þ.e. þegar barn númer tvö fæddist hjá Ösp og Erni. Það var á Covid-tímanum og samkomur voru ekki leyfðar.

²⁴ Karen Marie Leth-Nissen og Berit Weigand Berg, *Dáb i dag*, bls. 37.

Nafngjafarveislu var þá slegið saman við eins árs afmæli barnsins en ekki höfð sérstök athöfn.

Borgar, Freyja og Baldur voru ekki viðstödd þegar rætt var við maka þeirra. Upplýsingar um afstöðu þeirra koma frá makanum.

Allir þátttakendur voru skírðir og fermdir sem börn og unglingar. Einn (Daníel) var þó ekki skírður sem barn heldur við undirbúning fermingar.

Afstaða til skírnar, ábrifaþattir og ákvarðanir

Hvernig fara foreldrar að því að ákveða hvort þau vilji að barn þeirra sé skírt og hvernig eða hvort athöfn skuli haldin? Í samtölunum birtast ólíkar leiðir. Hjá þeim sem völdu að láta skíra barn sitt var skírnin sjálfsgöð og umræðan snerist ekki um hvort hún færi fram heldur hvernig. Þannig var það til dæmis hjá Þóru og Þórði, hjónum í Reykjavík, sem nefndu helst skírnarveisluna í tengslum við ákvarðanatöku. Hið sama gilti um Nínu og Nonna, sem fannst sjálfgefið að láta skíra barn sitt, sem og Heiðu og Halli. Í öllum tilvikum höfðu eldri börn á heimilinu einnig verið skírð.

Hjá öðrum var sjálfgefið að skíra ekki og þá snerist umræðan um hvort ætti að hafa aðra athöfn eða ekki. Dæmi um það eru Örn og Ösp, ung hjón á landsbyggðinni sem héldu nafngjafarveislu fyrir frumburðinn, og Katrín og Konráð á höfuðborgarsvæðinu.

Svo eru þau þör sem ekki voru alveg sammála og þá þurfti að komast að niðurstöðu. Hún varð til í samtali foreldranna en stundum komu fleiri að ákvörðuninni, svo sem afi eða amma.

Dísa er uppalin á höfuðborgarsvæðinu en búsett á landsbyggðinni ásamt Daníel og þremur börnum. Dísa lýsti ferli þar sem margt var til skoðunar áður en þau komust að „lendingu sem bæði voru sátt við“.

Dísa: Það var eitt af þessum — ég vil ekki segja rífrildum, það var aldrei þannig — en ein af þessum lendingum sem við þurftum að finna, það var þannig að ... ástæðan fyrir því að ég ákvað að skíra ekki börnin mín ... af því að ég hefði alltaf gert það og það er meira svona [...] kannski meira af menningarbundnum ástæðum en ég fann það ... þegar við tókum spjallið og ég var að réttlæta fyrir okkur ... þá fann ég það að, hérna, Daníel var mikilvægara að gera þetta ekki en mér var að gera þetta. Þannig að þá fannst mér eðlilegt að því væri lent þar.

Það sem er athyglisvert hjá Dísu og Daníel er heiðarlegt og talsvert ítarlegt ferli til að komast að niðurstöðu. Þar, eins og hjá fleirum, varð skírn ekki fyrir valinu vegna þess að makinn sem ekki vildi láta skíra barnið hafði sterkari skoðun en hinn en í ferlinu komust þau líka að niðurstöðu sem kemur í veg fyrir ósætti í framhaldinu. Sjálf er Dísa bæði trúaðri en Daníel og alin upp við meiri trúrækni, svo sem að fara með bænina Faðir vor á kvöldin.

Dísa: Og ég strögladi með bara á einhverjum tímamarki, þar sem að ég sagði hvernig eigum við þá að koma barni í þennan heim og bara ég segi því að Guð sé til og svo spyr það pabba sinn og þá segir hann að Guð sé ekki til. Og mér fannst þetta svo erfitt, hvernig eigum við — við verðum að vera með plan. [Dísa segir við Daniel] Og ég man að þú sagðir svo fallega við mig þá að þetta verði alltaf viðurkennt sem eitthvað sem að hægt sé að hafa í lífi sínu, þeim verði ekki neitað um þetta, en ef þau vilja taka stökkið um Guð eða Jesú þá væri það eitthvað sem ég myndi leiðbeina þeim að fara til þín með frekar en til mín af því að ég vel að gera það ekki. Þannig að ... það var svona einhvern veginn ... mér fannst gefin ákveðin virðing á barnið strax, að geta tekið samtalið frekar en að ákveða fyrir það.

Eitt af því sem Dísu fannst mikilvægt var að hafa athöfn, „ekki bara leik eða bara köku“ fyrst ekki var um skírnarathöfn að ræða. Þau fengu athafnastjóra frá Siðmennt í öllum tilvikum og skópu sjálf þá hefð að búa til vísu um nafnið, sem þau hafa gert í öll skiptin.

Bogga er kona á fertugsaldri, fædd og uppalin í bæ á landsbyggðinni og býr þar. Hún lét ekki skíra börn þeirra hjóna því að maðurinn hennar, Baldur, vildi ekki láta skíra þau.

Rannsakandi: En þegar þið ákváðuð að skíra ekki, hvað varð til þess að þið ákváðuð það?

Bogga: Sko ... í raun bara ... maðurinn minn vildi kannski meira að þeir hefðu svona trúfrelsi, bara ákvæðu sjálfir þegar þeir væru orðnir nógu gamlir ... bara ákvæðu sjálfir.

Rannsakandi: Og voruð þið sammála um það?

Bogga: Jáá í raun. Þeir fá trúarlegt uppeldi, þeir hafa farið í messur, þeir eru í KFUM og K, þú veist, hafa farið í sunnudagaskóla og svona, þú veist. Þannig að þeir fá alveg uppeldið [áhersla á orðið uppeldi], þó að þeir séu kannski ekki skráðir, sko.

Spurð um viðbrögð ættingja sagði Bogga:

[...] þekkjandi maðurinn minn að hann er svona — vill ekki fara hefðbundnar leiðir — þá var þetta bara eðlilegt. Auðvitað sumum finnst það ... eins og eldri kynslóðinni helst, finnst erfitt að hugsa til þess að þetta sé ekki skírn en þeir [synirnir] eru samt í skírnar-kjólunum sem að langamma, langalangamma saumaði.

Bogga nefndi einnig kerti og „skírnarterturtu“ í tengslum við athöfnina. Þó að þeirri hefð úr hennar fjölskyldu að skíra börn væri ekki fylgt, þá voru til staðar hlutir sem tengdust í huga hennar skírn og þeirri hefð sem hún þekkir: ættarskírarkjöllinn, terta, kerti. Að því leyti má sjá hvernig hún setur inn í stundina þætti sem skipta hana máli. Og varðandi kjólinn þá var það, að hennar sögn, líka ákveðin trygging fyrir því að drengirnir hefðu ekki misst af því að eiga mynd af sér í skírarkjól, ef þeir skyldu velja skírn og fermingu innan kirkju síðar. Þau hjónin skipulögðu nafnaveisluna sjálf og höfðu leiki í tengslum við nöfn barnanna.

Bogga: [...] og svo tónlist og svona, einhver orð sem við völdum ...

Rannsakandi: Orð?

Bogga: Já, svona ljóð og jógískar möntrur og svoleiðis.

Fúsi, rúmlega þrítugur maður á höfuðborgarsvæðinu, á dreng á fyrsta ári með sambýliskonu sinni, Freyju. Hún er félagi í Ásatrúarfélaginu. Fúsi lýsir sér sem alveg trúlausum. Þegar kom að því að velja athöfn var hann opin fyrir ýmsu, en vildi ekki skírn. Til greina kom frá hans hálfu að hafa bara veislu, að fá Siðmennt eða gera eitthvað annað. Aðalatriðið var að safna fjölskyldunni saman um gleðilegan viðburð. Þau foreldrarnir ákváðu sameiginlega að fá goða frá Ásatrúarfélaginu.

Rannsakandi: Veistu hvað réði mestu um ákvörðunina?

Fúsi: Já, þetta við svosem vorum bara sammála um þetta án þess að ræða það neitt mikið, sko, ég hérna ... mér finnst svona kristilegar athafnir alltaf snúast svo mikið um Jesú og Guð en ekki um barnið og nafnið og samfélagið. Þetta snýst alltaf meira um að gefa Guði barnið eða taka syndirnar af barninu og eitthvað svona ... og ég, bara, já, ég er bara ekki alveg sammála því og trúu ekki á það og vill ekki ... ekki svona taka þátt í því. [...] Þetta og gera þetta sjálf bara. [...] Að safnast saman á jákvæðum nótum, það var hugmyndin.

Rannsakandi: En þið voruð að spá í Siðmennt og Ásatrúarfélagið. Var einhver ástæða fyrir að þið völduð það frekar, svo að þú munir?

Fúsi: Nei, bara kærastan er skráð þar og strákurinn þá líka.

Freyja hefur ekki verið virk í starfi Ásatrúarfélagsins. Fúsi lýsir afstöðu hennar sem stuðningi við þjóðararfinn.

Fúsi: Já, meira, sko, upp á þjóðararfinn og hérna þannig sko en hún er ekkert trúrækin eða — trúir ekkert á Þór eða Óðin, sko. Það er meira bara að sögurnar eru skemmtilegar og að styðja framtakið.

Kristín og Konráð völdu að halda nafnaveislu. Í viðtalinu kemur skýrt fram að Kristín stýrði því, ákvað hvernig athöfnin yrði og undirbjó hana. Hún skráði sig úr þjóðkirkjunni fyrir nokkrum árum.

Konráð: Ég held að það hafi verið ákvörðun hjá Kristínu, sko. Ég er bara hlutlaus. Ef henni langar að gera þetta þá gerir hún það bara.

Rannsakandi: Af hverju var það?

Konráð: Ég held, ef hún hefði viljað láta skíra barnið þá hefðum við skírt það líka ... Mér var alveg sama, sko. Það skipti engu máli fyrir mig.

Kristín skráði sig úr kirkjunni fyrir nokkrum árum af því að hún trúði ekki á Guð og hún vildi að dóttirin réði sjálf hvaða stefnu hún tæki.

Kristín: Mig langaði frekar að tengja hana [dótturina] ekki inn í neitt trúarfélag fyrr en hún væri orðin nógu gömul til að vilja sjálf gera það. Og ef hún fermist þá má hún alveg ferma sig — eða borgaralega — það er alveg undir henni komið. En annars hef ég séð fullt af fólki vera að gera svona veislur. Og mér sjálfri hefur aldrei þótt skemmtilegt að sitja í kirkju og fylgjast með svona athöfnum eða eitthvað svoliðis. Þannig að ég vildi bara hafa þetta meira svona eins og veislu ... þannig að allir myndu bara koma, fá góðan mat ... við ætludum að reyna að hafa svona leiki ... hafa þetta skemmtilegt.

Í einu tilviki þar sem barn var skírt mátti greina að móðirin, Nanna, hafði verið ákveðnari í að láta skíra frekar en að velja aðra leið. En faðirinn sagðist sáttur með ákvörðunina.

Natan: Já, ég veit ekki hvort ég á að segja það en ég held að ég sé ekki skráður í þjóðkirkjuna, sko, það var einhver mótþrói þegar maður var hérna á unglingsárunum, sko. Þannig að hérna, ég er ekkert mikill, svona, ekkert mikill svona trúar maður eða þannig en maður snýst alltaf með tímanum, sko, en ég sé ekkert eftir því í dag. Bara gott að halda eitthvert svona ... að hitta alla fjölskylduna ... gott svona tilefni í það.

Áhrif fjölskyldu og vina á ákvörðun

Hver eru áhrif fjölskyldu eða vina á ákvörðunina að velja skírn eða að velja aðra athöfn? Blíða, ung kona á höfuðborgarsvæðinu, hafði sterkan bakgrunn úr fjölbreyttu kirkjustarfi og því að fara með föður sínum í kirkju þar sem hann gegndi trúnaðarstörfum og þekkti prestinn. Systur hennar áttu börn sem voru skírð og það kom aldrei annað til greina hjá henni en að láta skíra litla drenginn og fá sama prest og hafði skírt önnur börn í fjölskyldunni. Maður hennar vildi líka skírn. Nær allir í vinahópi hjónanna höfðu látið skíra börnin sín.

Nonni og Nína, hjón á landsbyggðinni með fjögur börn, öll skírð, töldu líka að flestir sinna vina hefðu látið skíra börnin. Hið sama gilti um Heiðu og Hall, hjón á fertugsaldri með þrjú börn, búsett á landsbyggðinni. Skírn var hefðin í fjölskyldu þeirra og þau töldu að flestir vina sinna hefðu látið skíra börnin sín.

Myndin var aðeins flóknari hjá Þórði og Þóru, hjónum á höfuðborgarsvæðinu, sem eiga samtals fjögur börn, öll skírð. Í þeirra fjölskyldum var skírnin sjálfsögð en Þóra áleit að flestar vinkonur hennar hefðu haft nafnaveislur.

Stundum má sjá hvernig ólík afstaða liggur í upprunafjölskyldum. Eins og fram kom hér að ofan hefði Dís viljað velja skírn en Daníel ekki. Systkini Dísu létu skíra sín börn en ekki systkini Daníels. Dís nefndi að við nafngjöf fyrsta barns hefði hún kviðið fyrir því að segja ömmu sinni frá ákvörðuninni, sem leystist þó farsællega. Hið sama má segja um önnur hjón sem greindi á, t.d. Boggu og Baldur, en hennar systkini hafa látið skíra börnin sín en ekki systkini Baldurs, og Bogga nefndi að sumum af „eldri kynslóðinni helst, finnst erfitt að hugsa til þess að það sé ekki skírn“.

En myndin var flóknari annars staðar. Örn og Ösp, ungt par í bæ á landsbyggðinni, sögðu vini sína á svæðinu marga halla undir ásatru en hefðu flest látið skíra og ein nafnaveisla var framundan. Sjálf héldu þau nafnaveislu.

Örn: Ég veit það ekki, ég held að þau [vinir] hafi skírt, en það er út af hefð. Þetta er allt ásatruarfólk. ... Og allur hópurinn okkar er ásatruar.

Rannsakandi: En þið eruð ekki með athöfn, eru þau með athöfn?

Ösp: Þau [vinapar] skírðu dóttur sína í gegnum ásatru.

Á ísskápnnum hjá þeim var boð í nafnaveislu.

Örn: Vinur minn, kom með þetta. Hann hringdi í mig um daginn og sagði: Af hverju skírðir þú ekki, ég sagði af því að það er vesen að skíra. Og hann sagði: Já, ég er sammála þér, ég held að það sé sniðugra að nefna.

Þegar afstöðu ættingja bar á góma sagði Örn að hans fólk hefði sagt að það þýddi ekkert að láta skíra ef hann væri ekki trúður. Fjölskylda hans og fjölskylda Aspar eru þó kirkjufólk og Ösp lýsir fjölskyldu sinni sem miklu trúfólki. Í viðtalinu kom ekki fram að fjölskyldan hefði reynt að fá þau til að láta skíra. Í svörum þeirra og því sem þau segja um vinnahópinn má sjá bæði fylgni við hefð hjá flestum vina þeirra en líka ákveðið hefðarrof sem birtist í því að einhverjir (a.m.k. eitt par) velja aðra trú og aðrir velja að fylgja svipuðum forsendum og Örn og Ösp.

Skilningur á skírn / ekki skírn

Þessi rannsókn nær sem fyrr segir til foreldra sem hafa látið skíra ungbörn eða valið að gera það ekki en haft aðra athöfn í tengslum við nafngjöf. Skírn er trúarleg athöfn og á ekki uppruna í nafngjöf en er sterkt tengd henni hér á landi, samanber þá venju að tala um að „skíra“ þegar talað er um nafngjöf, ekki bara þegar fólki er gefið nafn heldur einnig dýrum og hlutum. En af svörum mátti ráða ákveðið óryggi gagnvart trúarlegum hugmyndum.

Spyrjandi: Sáuð þið skírni bara sem nafngjöf eða líka sem athöfn, trúarlega athöfn?

Nanna: Uh, bæði, bæði fyrir mig alla vegana.

Natan: Já, ... ég veit það ekki.

Nanna: ... alla vega fyrir mig af því að við vorum búin að gefa nafnið, en ég er ekki mjög trúuð endilega. Ég held að þetta sé líka einhver svona hefð, sko, og eitthvað svoléiðis.

Blíða hafði rætt um nafngjöf annars vegar og skírni hins vegar og var því meðvituð um að skírni og nafngjöf væri ekki endilega það sama. Samt er nafngjöf það sem kemur í hugann til að lýsa skírni.

Rannsakandi: Ef þú ættir að lýsa skírni fyrir einhverjum sem veit ekki hvað skírni er, hvernig myndirðu lýsa henni? Hvað er verið að gera?

Blíða: Að gefa barni nafn, ég veit ekki hvernig ég ætti að útskýra það betur.

Rannsakandi: Myndirðu útskýra hana sem trúarlega athöfn á einhvern hátt?

Blíða: Nei. En það er það samt. En ég veit ekki, manni finnst þetta bara svo eðlilegt að maður hugsar ekki um trúarlega hlutann. Ég veit ekki af hverju.

Hallur og Heiða voru öruggari við að tjá hvað skírni merkti fyrir þeim, bæði trúarlega og sem hefð og lýstu því að þeim væri annt um boðskapinn og hefðirnar.

Rannsakandi: Þegar þið hugsuð um skírniina sem slíka – nú nefnið þið nafnið líka í fyrsta sinn þá. Sjáið þið hana sem trúarlega athöfn?

Heiða: Svona jaaaá ...

Hallur: Já, ég myndi ...

Heiða: Við gerum það.

Hallur: Já, ég myndi alveg segja það, sko. Við erum kannski ekki alveg svona trúræknasta fólkið sko ...

Heiða: Bara svona eins og Íslendingar eru ...

Rannsakandi: Já.

Heiða: ... en, okkur er bara annt um hefðirnar sem að fylgja kristninni, og ... boðskapinn.

Hallur: Einmitt.

Heiða: Þannig að, já.

Hallur: ... má segja það ...

Þeir foreldrar sem ekki létu skíra börnin töluðu flestir um að svo gætu þau valið sjálf síðar en það mátti líka sjá hjá Nonna og Nínu, sem hafa látið skíra fjögur börn.

Nína: En ég veit ekki (með skírniina) – þetta er eiginlega bara svona fyrsta skrefið. Svo taka þau ákvörðun seinna hvort þau vilji láta ferma sig og hvort þau vilji láta gifta sig í kirkju.

Nonni: ... eða ég veit ekki, hvað finnst þér, Nína, með skírniina: eitthvað trúarlegt eða bara hefð – eða ...

Nína: Ég veit ekki – ég sé þetta eins og skref – eins og ég sagði ...

Fyrir Boggu var engin spurning að um væri að ræða trúarathöfn og barnið væri tekið inn í samfélag.

Bogga: Já, ... þú ert að taka einstaklinginn inn í kristna trú, já. Þetta er svona trúarathöfn. Samþykkt inn í eitthvað x samfélag.

Ösp sá skírni sem trúarlegan þátt en líka hefð.

Ösp: Bæði og. Ég persónulega sé hana meira sem hefð en ég sé samt líka trúarhlutann af því. Þá er það meira eins og hefðin fyrir mér, að halda í það sem er verið að segja manni að gera, eða þau í fjölskyldunni sem eru svo rosalega trúuð, eins og amma og afi og svona. Eru svo trúuð og finnst þetta sjálfsagður hlutur, það sem á að gera. Og ég er ekki á því. Ég vil gefa barninu alveg sitt. En svo, eins og frænka mín, hún skírði út af trúarlegum ástæðum, ekki af því að amma og afi sögðu það. Þau eru svona trúuð og finnst þetta svo mikilvægt fyrir þau. Þannig að ég sé þetta á báða vegu.

Ösp sér þetta á báða vegu en metur gjörðina (hefð eða trú) út frá trú þess sem að henni standa.

Kristín tengdi skírningu við skráningu og jafnvel það að borga í kirkjuna:

Kristín: Kannski sem ég gerði, fannst mér vera meira svona menningarlega. ... en ef þú ert farinn að blanda presti og kirkjunni í þetta, þá ertu kannski farin að setja hana [dótturina] inn í þetta ákveðna og þá fer hún líka að borga í kirkjuna, ehh, ósjálfrátt. Þannig að ég vil bara að hún fái að ráða því sjálf þegar hún er kominn á þann aldur, ef hún vill gerast meðlimur þjóðkirkjunnar eða ekki.

Fleiri komu inn á hugmyndina um skráningu, það að vera skráð í kirkjuna og vangaveltur um fjárhagslega aðild að henni. Enginn virtist þekkja nógildandi lög um skráningu nýfæddra barna í trúfélög þar sem börn sem eiga foreldra hvort í sínu trú- eða lífsskoðunarfélaginu eru skráð í flokkinn *Önnur trúfélög og ótilgreint* og foreldrar þurfa sjálfir að breyta því. Hér er um að ræða breytingu frá 2013 á lögum um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög.²⁵ Dís skráði sig sérstaklega úr kirkjunni eftir að fyrsta barn var fætt til að börnin væru ekki skráð þar, þar sem hún taldi að annars myndi barnið fylgja móður. Þetta var þó eftir að lögum var breytt. Einnig kom einhverjum á óvart að vera ekki skráð í þjóðkirkjuna, t.d. Borgari, manni Blíðu, ungum manni á höfuðborgarsvæðinu. Hann reyndist vera skráður í fríkirkjusöfnuð.

Blíða: Hann vissi ekki að hann væri ekki skráður í þjóðkirkjuna, hann var skírður og fermdur og hélt að þetta væri átómatískt.

Í orðum Blíðu kom hins vegar fram að hún væri hardákveðin í að skrá nýskírða soninn í þjóðkirkjuna.

Blíða: Hann á að fylgja mér [hlátur].

Tengsl við kirkjuna

Ellefu viðmælendanna voru skráðir í þjóðkirkjuna en sex ekki. Að auki voru tveir makar, sem ekki tóku þátt í viðtalinu, utan trúfélaga og sá þriðji í fríkirkju. Allir voru viðmælendurnir og makar þeirra þó bæði skírðir og fermdir á barnsárum. Viðmælendur voru spurðir um afstöðu til kirkjunnar. Ekki var spurt „hvers vegna ertu í þjóðkirkjunni?“ eða „hvers vegna hefur þú ákveðið að vera ekki þar?“ en sumir nefndu eigi að síður ástæður, þar á meðal öll sem ekki voru meðlimir.

Í orðum viðmælenda mátti greina að þau sem ekki eru meðlimir í kirkjunni hafa íðulega sagt sig úr henni af trúarlegum ástæðum, vegna þess að þau eru

²⁵ Lög um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög nr. 108/1999, *Alþingi*, sótt 3. mars 2025 af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1999108.html>; Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, „Af hverju fækkar í þjóðkirkjunni?“, *Kirkjublaðið* 28. október 2023, sótt 30. maí 2024 af <https://www.kirkjubladid.is/gestagugginn/af-hverju-faekkar-i-thjodkirkjunni>.

ekki trúuð. Þau voru líka öll í hópi þeirra sem kusu að láta ekki skíra börn sín. Þessi hluti viðmælenda er lítill hópur (sex manns) og því eru ekki forsendur til að draga neinar almennar ályktanir út frá hópnum heldur skyldi horfa á orð þeirra sem vísbendingar um tengsl þeirra við kirkjuna.

Natan hafði skráð sig úr kirkjunni á unglingsárum en skýrði ekki nákvæmar hvers vegna:

Það var einhver mótþrói þegar maður var hérna á unglingsárunum, sko.

Dísa skráði sig úr kirkjunni af því að hún hélt að annars yrðu börnin hennar sjálfskráð í kirkjuna, þ.e. fylgdu trúfélagaaðild móður. Athygli vekur að þarna er um að ræða fólk sem hefur tekið trúarlega afstöðu, vill ekki tilheyra kirkjunni og vill ekki láta skíra börnin sín. Skýring þeirra er yfirleitt ekki neikvæð reynsla af þjónustu kirkjunnar né neikvæð upplifun af kirkjunni sjálfri. Undantekning er Fúsi. Orð hans um það hve kirkjan er ríkjandi í útförum benda til neikvæðrar upplifunar.

Ösp og Örn töluðu hins vegar bæði um neikvæða reynslu af trú í fjölskyldunni. Ösp lýsti mikilli pressu, einkum frá ömmu sinni, hvað trú varðaði og fannst það neikvætt, en sagði svo:

Ösp: En svo finnst mér trúin sjálf ofboðslega falleg, að geta trúað á einhvern ... æðri mátt ... og mér hefur fundist það flott þegar vinir mínir eða einhverjir í kringum mig trúa. Hugarróin sem kemur með þessu er svo falleg. Þetta er bara ekki ég.

Katrín hafði reynslu af barnastarfi kirkjunnar í bernsku og sagði það hafa verið ágætt. Hún nefndi öfgatrá í útlöndum það helsta neikvæða við trú en að hún sæi sig ekki eiga samleið með kirkjunni.

Katrín: En, sko, mér finnst kirkjan ekki endilega eitthvað svona neikvæð sjálf, það er alveg margt fallett sem gerist í kirkjunni, en svo er komið 2023 og mér finnst svolítið skrítið að fólk sé ennþá að trúa á eitthvað svona heilagt en svo er kannski líka hægt að trúa bara á það falleg ... En mér þykir samt alveg vænt um kirkjuna, sko, og mér finnst kirkjur fallegar. En ég vildi frekar skrá mig úr henni og leyfa henni [dótturinni] að ráða sjálfri. Og þá styð ég hana alveg.

Konráð var meðlimur í þjóðkirkjunni og hafði góða reynslu þaðan sem barn í bæ á landsbyggðinni. Hann sá kirkjuferðir sem samfélagslega viðburði.

Konráð: Mér fannst gaman í kirkjunni. Og gaman að vera með krökkunum og vinunum. Alltaf fundist fínt í kirkju, maður er að koma saman með fólkinu, bara. ... já, þykir vænt um umhverfið. Svona eins og mér þykir vænt um að fara í jarðarfari.

Flest þeirra sem eru í kirkjunni höfðu einhverjar jákvæðar minningar úr kirkjustarfi í bernsku. Í þeirra hópi var líka algengara að fjölskyldan tengdist kirkju á einhvern hátt, vegna þátttöku í einhverju starfi og að þau þekktu til starfsemi kirkjunnar. Þar fóru því saman jákvæðar tilfinningar og tengsl. Þá sáu þau tengsl milli kirkju og samfélags og nefndu það jafnvel sem ástæðu fyrir að vera í kirkjunni.

Nonni lýsti því að hann væri ekki trúaður lengur en innan kirkjunnar væri gott starf og nefndi þar sérstaklega sálgaeslu sem móðir hans sækta iðulega ef henni liði ekki vel:

Nonni: ... ég held að þetta sé miklu frekar kannski, kannski bara svona fólkið sem er til staðar, sko innan kirkjunnar, innan trúarinnar, og það er rosalega gott starf og rosalega gott fólk og ég hef nákvæmlega ekkert á móti því og langar ekki til að segja mig úr þjóðkirkjunni eða neitt svoleiðis, en ég trúi ekki neitt, ég trúi á fólk og þeirra innræti. Ekki sem sagt ... ekki á æðri mátt ... ekki á æðri mátt eða neitt svoleiðis.

Nína, kona hans, tók undir varðandi kirkjustarfið og nefndi líka sálgæsluna.

Nína: Ég missti bróður minn í slysi þegar ég var 24 ára og ég sá líka hvað þetta gerði fyrir foreldra mína. Þú veist, trúin og kirkjan og allt þetta, að geta leitað eitthvert. Og að geta trúað því að það sé eitthvað aðeins ... Það er ekki allt búið.

Þau hjónin eru virk í starfi í sínu sveitarfélagi á landsbyggðinni og það er greinilegt að þau þekkja til kirkjustarfsins, kannast við prestana og hafa oft spjallað við þá.

Nína: Maður þekkir kannski ekki þessa presta en samt er eins og maður þekki þá þegar maður sest niður og spjallar við þá.

Hallur og Heiða lögðu áherslu á samfélagslegan þátt kirkjunnar. Þau eru mjög virk í samfélaginu í sínu bæjarfélagi. Þau voru vel að sér um það sem staðarkirkjan bauð upp á og starf kirkjunnar í stærra samhengi, svo sem aðstoð hjálparstarfsins við fólk á Íslandi og Skjólíð, athvarf fyrir konur á daginn. Þau nefndu að kirkjan á staðnum væri dugleg að auglýsa á Facebook.

Hallur: Við tókum auðvitað svolítið virkan þátt í samfélaginu líka. Ég er í bæjarpólitíkinni.

Heiða: Já, einmitt. Mér finnst bara, kirkjan gerir fullt fyrir samfélagið, og ...

Hallur: Við erum mikið í íþróttastarfinu og öllu þessu ...

Þórður og Þóra, hjón í Reykjavík, hafa látið skíra sín börn. Þau höfðu bæði reynslu af kirkjustarfi sem börn. Spurð um hana sagði Þóra að hún hefði verið í barnakór og svo hefði amma hennar tekið hana með í messu:

Þóra: Sko mest þegar ég var lítil, amma er mjög kristin, ég fór oft með henni í messu, ... mér fannst það ekkert sérstaklega gaman en hún dró mig alltaf á sunnudögum. ... og amma lét mig alltaf biðja á kvöldin, sama hversu þreytt ég var. ... en það hefur mótað mig að fara með henni í messur.

Þórður var líka í barnakór um tíma og tengdi trúarlega þáttinn við ömmu og afa.

Þórður: [...] að biðja bænir á kvöldin og svoleiðis. Ég var líka í [x]kirkju í kór til skamms tíma, í barnakórnum þar, en hérna, ég þurfti að hætta því vegna hegðunarferðleika, ég var með ógreint ADHD ... Mér fannst það voða gaman, sko, en ég veit ekki hvort öllum í kring hafi fundist eins gaman að hafa mig [hlátur].

Tengsl við nærumbverfi

Ef lítið er til sveitarfélags eða sóknar má greina að þau sem voru elst og bjuggu á landsbyggðinni voru í mestum tengslum við sitt samfélag og við kirkjuna. Þetta kom greinilega fram hjá Nínu, Nonna, Heiðu og Halli. Dísa og Daníel koma bæði af höfuðborgarsvæðinu en búa á landsbyggðinni og orðuðu tengslin við samfélagið þar sem þau bjuggu og einnig hve trúin væri fyrir vikið sýnilegri en hún hefði verið á höfuðborgarsvæðinu. Þar hafði aldur vana ef til vill einnig áhrif:

Dísa: Og þá er ég að meina að við fáum að kynnast ótrúlega ólíku fólki sem væru aldrei í menginu okkar fyrir sunnan ... eitt það besta við að búa úti á landi. Við eigum vinafólk sem eru bændur, sjómenn, kennarar, og vinir okkar eru líka eldri hér. Kannski einhver fylgni þar. En þó samt ekki mjög mikið eldri.

Dísa og Daníel völdu líka að leyfa börnum sínum að fara með félögum í sunnudagaskóla eða annað sem þau langaði til því að það væri mikilvægt að vera hluti af samfélaginu, sem var þá þegar orðið nokkuð fjölþjóðlegt, m.a. mikið af kaþólsku fólki. Á höfuðborgarsvæðinu var algengara að fólk vissi ekki í hvaða sókn það bjó, enda í öllum tilvikum nema einu um að ræða fólk sem hafði flutt á síðustu árum.

Gildi í sambúð og uppeldi – lík eða ólík?

Allir viðmælendur voru spurðir um þau gildi sem skiptu þau máli í uppeldi og í sambúð. Spurningarnar komu mörgun á óvart og sumir áttu erfitt með að finna réttu orðin til að lýsa því sem skipti þau máli. Markmið spurninganna var að skoða hvort sjá mætti mun á gildum þeirra sem velja að láta skíra börn sín og þeirra sem velja að gera það ekki.

Í stuttu máli má segja að þann mun var ekki hægt að greina. Ástæður geta legið í því hve margt var sameiginlegt með hópnun. Til dæmis voru þau öll sjálf skírð og fermd, áttu öll íslenska foreldra og gengu í skóla hér á landi. Fúsi orðaði það svo, þegar hann var spurður um hvað hann vildi miðla til sonar síns um það sem skipti máli í lífinu:

Fúsi: Það er bara eiginlega svona — hvað segir maður — nú er maður svo sósaður í hérna kristinni trú að maður alltaf hérna ... leitar í þann orðaforða. ... Nei, það er bara hérna kærleikur gagnvart náunganum og hérna [löng þögn] já, þetta eru stórar spurningar. Hérna, hm ... Já, mér finnst það einhvern veginn, hvernig fólk kemur fram við annað fólk það endurspeglar svo margt. Svo ef einhver gerir eitthvað á þinn kostnað, hvernig þú bregst við því, með umburðarlyndi eða með hefndinni, sko, svona, það segir svo margt um karakter fólks. Það er þetta með umburðarlyndi og náungakærleika sem að mér finnst mikilvægasta veganestið.

Svar Fúsa endurspeglar annars vegar að honum þykir spurningin yfirgrípsmikil og hins vegar hve meðvitaður hann er um það sem hefur mótað hann. En þarna má greina gullnu regluna úr Biblíunni, umburðarlyndi og náungakærleika.

Hið sama og Fúsi nefndi var orðað á ýmsan hátt af hinum viðmælendunum. Til dæmis „skilningur á því að fólk er ólíkt“, virðing, gullna reglan, „ekki dæma fólk“.

Þóra og Þórður lögðu líka áherslu á mikilvægi þess að þekkja sín mörk og læra af mistökum. Í því felst að þóra að viðurkenna mistök. Hið sama nefndu Nína og Nonni. Þórður og Örn nefndu bæði vinnusemi. „Þú lifir ekki á loftinu“, sagði Örn og taldi mikilvægt að miðla því líka. Ef til vill endurspeglar það að einhverju leyti þeirra eigin reynslu sem kom fram í viðtalinu. Hið sama gildir um Fúsa, sem talaði um þau gildi almennt að rækta samband við vini og fjölskyldu, nánasta samfélagið. Það væri fólkið sem væri til staðar þegar áföll og erfiðleikar stöðjuðu að. Þar miðlar hann einnig eigin reynslu af áfalli í fjölskyldunni sem komið hafði fram í viðtalinu.

Í raun má segja að þau gildi sem nefnd voru endurspegli öll mikilvægi samfélagsins, bæði innan fjölskyldunnar og út á við í samfélaginu. Gullna reglan — að móta hvernig við komum fram — virðing og umburðarlyndi. Ekki var hægt að greina sérstaklega gildi sem snertu trú (svo sem trúrækni) en gildi sem boðuð hafa verið innan kristinnar trúar og hafa mótað samfélagið voru áberandi.

Afstaða til trúar

Viðmælendur voru spurðir hvernig þeir myndu lýsa eigin trú, jafnvel á mælikvarðanum 1–10 (ef það hjálpaði). Þau sem völdu að láta ekki skíra börn sín áttu flest auðveldara með að lýsa sinni afstöðu, að trúa ekki. Undantekningin var Bogga sem vildi staðsetja sig í miðjunni, meðvituð um að það geta verið aðrar leiðir en hún velur þessa.

Bogga: ... ég er ekki í ofsatru, að vera svona lokaður, geta ekki opnað á neitt annað, að það sé bara ein leið, það virðist ekki vera hollt, þannig að bara svona í miðjunni, opin í báðar áttir, en samt, vel þetta.

Aðrir viðmælendur nálgust lýsingu á eigin trúarhugmyndum á ýmsan hátt. Þórður lýsti bakgrunni í tólf spora kerfinu sem virtist auðvelda honum að tjá sig um trú:

Þórður: Ég hef verið alveg á skalanum alveg hingað og þangað, ég er dálítill Bubbi Mortens, ég er með eina skoðun einn daginn en aðra, allt aðra, hinn daginn, sko. Þegar ég var lítill, sko, þá náttúrulega líka bjátaði mér á, það voru margir sem féllu frá, og svona, og þá var ég rosa trúður. Svo á unglingsaldri svona meiri uppreisn [...] Síðan var ég, sko, virkur í góðan tíma í Al anon í tólf spora starfi og vann sporin og svona og þá, svona, það snýst um trú á æðri mátt, hver sem hann er, og ég hef haldið því áfram. Ég trúi á eitthvað mér æðra. Ég er ekkert viss um að það sé neinn búinn að finna hið fullkomna svar í neinum bókum, Biblían, Kóraninn eða í búddismanum eða annað ... það er kannski mín trú, eða ég veit ekki.

Þóra lýsti trú þess sem veit af efanum en trúir samt. Hún talaði um bæn, án þess að nefna það orð, þ.e. að geta leitað til einhvers þegar illa gengur.

Þóra: Ég myndi alveg segja að ég væri bara opin fyrir að það sé eitthvað þarna, ég myndi óska þess að það sé eitthvað þarna, alla vega leita ég þangað þegar mér líður illa, sko. Ef að það er allt ómögulegt þá leita ég til hans, skilundurðu, þó að þetta sé kannski ekki hann ... alla vega bara einhver annar sem maður getur talað við.

Nína nálgast trúna út frá tveimur þáttum, annars vegar reynslu af bæn í sorgaraðstæðum og hins vegar út frá vísindahyggju eða ákveðinni bókstafshyggju þegar kemur að sköpun heims. Sú bókstafshyggja vísar þó í umræðu um að til séu óskilgreindir kraftar sem skilgreina má sem karma eða eitthvað annað.

Nína: Ég myndi segja að ég er kannski ekki trúlaus en ég trúi samt ekki að Guð hafi skapað jörðina. Ég er raunvísindamanneskja.

Spyrjandi: Þú sérð það sem andstæður?

Nína: Já, ég sé það sem andstæður, að [þögn]

Spyrjandi: Að það sé eitthvað á bakvið?

Nína: Já, en ég trúi því samt að það sem þú gerir, þú færð eitthvað til baka. Og þegar ég var lítil þá voru mér kenndar bænir til að fara með á kvöldin og þá notaði ég það til að tala við ömmu og afa ... sem voru dáin, eða skilurðu. Svona hjálpuðu foreldrar mínir mér að takast á við það sem gerist eftir að lífi lýkur. Og þannig lít ég á trúna. Hvað svo sem fólk kallar það, karma eða ég veit það ekki, en það er eitthvað. Og það er það sem þetta snýst um, trúin, hún snýst ekki um að trú á einhvern einn almáttugan, af því að það lemur líka fólki saman, mismunandi trú, heldur trúin á eitthvað gott, að þú eigir að hjálpa og eigir að vera til staðar.

Nonni sá trúna út frá tengslum sem birtast í að rækta trú. Hann lýsti sér sem mjög trúuðu barni og unglingi en trúlausum núna.

Nonni: Ég er svona leiðinlega trúlaus [...] En, ég veit ekki, sko það er bara eitthvað sem ... ég veit ekki, kannski bara af því að maður var ekki að rækta hana. Já, þú skilgreinir trúna sem persónulegt samband, persónulega trú, þú ræktaðir trúna, svo hættingur því og þá hætti hún að skipta þig máli. Já, ekki hætti að skipta mig máli, heldur bara svona einhvern veginn, af því að þetta skipti mig miklu máli. Til dæmis með útför og giftingu og svona, og skírn, þetta er náttúrulega allt í nafni trúarinnar en þetta er samt meira svona eins og fjölskyldan sé að koma, að fjölskyldan sé saman þegar það er eitthvað erfitt, erfiðleikar eða hvað sem er. Og náttúrulega sálarhjálpin í gegnum kirkjustarfíð í gegnum tíðina ... en ég trúi ekki neitt, ég trúi á fólk og þeirra innræti. Ekki sem sagt ... ekki á æðri mátt ... ekki á æðri mátt eða neitt svoleiðis, og ég er alltaf að verða leiðinlegri og leiðinlegri með allt þetta.

Hallur og Heiða staðsettu sig fyrir ofan miðju á trúarlegum mælikvarða og tengdu trúna við menningu og samfélag, samfélagslegt afl.

Heiða: Þetta eru líka bara hefðir og menning og, og samfélagið okkar og einhvern veginn ... bara góð gildi.

Hallur: Akkúrat ...

Heiða: Og eitthvað sem sameinar, og auðvitað þó að trú sundri líka, þá er það ekki það sem hún gerir fyrir okkur.

Dísa og Daníel völdu að láta ekki skíra en orðuðu bæði afstöðu til trúar á jákvæðan hátt. Dísa sagðist vera einhvers staðar í miðjunni, trúin veitir öryggi, ef allt fellur, þá er eitthvað sem er til staðar, en á líka erfitt með að trú á að einhver stýri heiminum miðað við allt það hræðilega sem gerist.

Daníel staðsetti sig á mælikvarða trúar við þrjá og skýrði það. Hann sagðist ekki trú á hið yfirnáttúrulega, hann væri raunhyggjumaður en ætti samt ekki mikið sameiginlegt með sínu trúlausa átján ára sjálfí. Hann lýsti því hvernig hann gæti upplifað hluti sem aðrir myndu útskýra trúarlega.

Daníel: Það þýðir ekki að ég geti ekki upplifað hluti sem aðrir myndu telja sem andlegt eða spíritúalt eða eitthvað svoleiðis. Ég hef alveg getu til að upplifa þá tilfinningu og fá sömu svölun fyrir ... því sem þarf á þann hátt. Ég bara sækir það ekki ... í trú. Það getur bara verið ef maður er að horfa á einhverja sólarupprás eða lækjarnið ... og sjá náttúrulega bara sköpunarverkið eins og það er ... og þá hellist yfir mann þessi tilfinning að heimurinn sé góður sem ég held að margir upplifi sem einhvers konar tengingu við Guð eða eitthvað ... þannig að ég segi þrjár af því að ég tel mig geta upplifað það sem aðrir kalla andlega hluti á minn hátt ... og ég gæti líka vel haft rangt fyrir mér ... það hlýtur að tíkka í eitt eða tvö stig, bara að geta viðurkennt það fyrir sjálfum sér ...

Umræður

Í þessum kafla verða svörin og þemun skoðuð í ljósi þeirra kenninga sem reifaðar voru fyrir í greininni. Eins og fram kom hér að ofan tilheyra viðmælendur kynslóð Y en einn kynslóð Z. Einhver eru á mærum þessara tveggja.

Með vísan til upplýsinga úr meginlægum könnunum²⁶ má benda á að þessir hópar taka síður fyrri síðum og trú sem gefnum hlut og þykja líklegri til að víkja frá því hefðbundna og velja athöfn sem hentar afstöðu þeirra. Þau virðast frekar leggja áherslu á sanngildi (e. *authenticity*) og leita þar inn á við. Þessa leið til að velja hvað er rétt hefur kanadíski fræðimaðurinn Charles Taylor tengt vaxandi einstaklingshyggju, eins og fjallað var um hér að framan.

Þar sem viðmælendur almennt eru á aldrinum 26–40 ára, og í ljósi þess hve lítill hópurinn er, er erfitt að fullyrða nokkuð um áhrif aldurs á svör viðmælendanna. Það sem þó vekur athygli er að ef litið er til þeirra sem eru elst í hópnum má sjá ákveðna tryggð við hefð í tengslum við skírnn (Nína og Nonni, Þórður og Þóra og að einhverju leyti Dísu sem þurfti mikla innri samræðu til að sættast við að sleppa skírnn), eða a.m.k. við hluti sem tengjast skírnninni (Bogga). Úrtakið og könnunin gefur þó ekki tilefni til alhæfinga út frá aldri.

Í greiningu á þeim sem ekki tilheyra trúfélagi á Íslandi út frá evrópsku gildakönnuninni 2017 kemur fram að menntun hefur áhrif hér á landi, en einnig kyn og aldur. Karlar og yngri fólk eru líklegri til að hafna trú.²⁷ Í svörum í þessari könnun var ekki hægt að greina áhrif menntunar og/eða starfa á trú og afstöðu til skírnnar. Og ekki verður fullyrt um breytur er varða kyn út frá svo litlu úrtaki.

Barnið á að velja sjálft

Þegar litið er til þeirrar ástæðu sem foreldrar gefa fyrir vali sínu á athöfn þá má segja að skýringin virðist einfaldari ef ekki er valin skírnn. Ástæðan virðist vera að foreldrar, eða a.m.k. annað foreldrið, trúa ekki og vilja ekki trúarlega athöfn fyrir barnið. Tekið er fram að barnið eigi að velja sjálft. Meginlegar rannsóknir á Norðurlöndum sýna að svarið „Barnið á að velja sjálft“ var algengasta ástæða þess að láta ekki skíra börn, en kom einnig fram hjá foreldrum í meginlægri rannsókn í Noregi og Finnlandi sem ástæða fyrir því að **láta** skíra börn þar sem gefinn var möguleikinn á að skírnnin gæfi börnum frelsi til að ákveða síðar.²⁸ Það sjónarmið kom líka fram í máli Nínu þegar hún sagði að skírnnin væri bara fyrsta skrefið. Börnin tækju svo ákvörðun seinna um hvort þau vildu láta ferma sig.

Í kenningum um trúarlega mótun er lögð áhersla á bernskuna og á að börn sem alast upp án trúarlegrar mótunar séu síður en önnur börn líkleg til að skilgreina sig sem trúuð á fullorðinsárum.²⁹ Á þeim forsendum má spyrja hvort og hvernig börn hafi forsendur til að velja trú síðar. Í orðum eins viðmælenda (Boggu) kom fram að börnin fengju trúarlegt uppeldi meðal annars í sunnudagaskóla og KFUM og K og í öðru viðtali (hjá Dísu og Daníel) kom fram að börnin lærðu um trú af umhverfinu og spurningum þeirra væri svarað heima

²⁶ Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, „Skírnnin á breytingaskeiði“.

²⁷ Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Inga Rún Sæmundsdóttir og Guðný Bergþóra Tryggvadóttir, „The Rise of the Nones in Iceland“, *Reflections on European Values: Honouring Loeke Halman's Contribution to the European Values Study*, ritstj. Ruud Luijkx, Tim Reeskens og Inge Sieben, Open Press TiU, <https://doi.org/10.26116/09eq-y488>.

²⁸ Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, „Skírnnin á breytingaskeiði“, bls. 64–66.

²⁹ Sama heimild, bls. 61–62.

(af móður). Ein móðir (Katrín) nefndi að hún myndi kannski fara með dóttur sína í sunnudagaskóla.

Foreldrar sem völdu skírn voru að jafnaði ekki virk í kirkjulegu starfi og tjáðu sig ekki um trúarlega mótun barnsins á heimili en þau voru jákvæð fyrir því að barnið tæki þátt í kirkjustarfi og jákvæð gagnvart trúariðkun, s.s. bæn.

Þessi svör, sem og svör við því hvaða gildi skipta máli, vekja spurningar um hversu mikill munur sé á uppeldi barnanna hvað viðvíkur trúarlegum þáttum. Skírn tryggir ekki trúarlegt uppeldi þó að foreldrar skírnbarnanna væru jákvæðari fyrir því. Og á sama hátt var ekki sjálfgefið að óskírd börn fengju enga kristilega trúarmótun.

Foreldrar voru spurðir um inntak skírnarinnar. Af svörum þeirra að dæma má segja að þau sem ekki velja skírn séu afdráttarlausari í afstöðu sinni til trúar en þau sem velja að láta skíra börn sín og því að sjá skírnina sem trúarlega athöfn félags sem þau samsama sig ekki með. Í hópnum er Bogga undantekning að því leyti að hún velur þessa leið ásamt manni sínum en sér markvisst til þess að börnin kynnist kristinni trú. Þau sem völdu skírn sáu hana meira sem hefð þó að þeim væri einnig ljóst að um trúarlega athöfn væri að ræða.

Að lýsa eigin trú

Þóra og Dísu lýstu báðar trú sem birtist í bæn eða leit að öryggi. Svör þeirra er gott dæmi um þá Guðshugmynd sem Pétur Pétursson hefur fjallað um þó að efinn komi líka fram. Trúin virðist vera til staðar en líka efinn, gjarnan tengdur því sem illa fer í heiminum. Samt nær trúartilfinningin yfirhöndinni í bæn, til dæmis þegar eitthvað er að.

Í orðum viðmælenda mátti einnig greina það sem dönsku guðfræðingarnir Karen Marie Leth-Nissen og Astrid Krabbe Trolle kalla „bricolage“-trú eða bútasamstrú, þ.e. þegar fólk velur þætti úr einum eða fleiri trúarbrögðum og setur saman til að lýsa eigin trú.³⁰ Lýsing Nínu er dæmi um slíka trúarlega nálgun. Mótandi reynsla tengd trú er í hennar tilviki missir bróður og hvernig trúin hjálpaði foreldrum hennar. Skólaþekking hennar á kristni veldur því að hún setur spurningamerki við ákveðna þætti trúar en lýsir svo nokkurs konar hugmyndum um karma, sem rekja mætti til austrænna áhrifa.

Í svörum viðmælenda er áhugavert að rýna í hvað það er við trú, eða trúleysi, sem gefur merkingu í lífi viðmælenda, hvers vegna þau nálgast eða hafna trú. Í samtölunum vekur athygli hve oft viðmælendur sem skilgreina sig trúaða taka fram að þeir séu ekki mjög trúaddir og vísa þá bæði til þess að aðrir iðki trú meira og að þeir séu ekki ofsatrúar. Enginn orðaði trú sína með tilvísan í trúarjárnningu eða sérstaklega til verka Krists. Trúin var því staðsett dýpra, nær því sem við tengjum við tilfinningar og venjur. Eigi að síður staðsetja flestir foreldrar skírnbarna sig á trúarlegum mælikvarða um og ofan við miðju. Það átti einnig við Dísu og Boggu sem ekki létu skíra börn sín vegna óska maka. Þau sem ekki skilgreina sig trúuð eiga yfirleitt auðveldara með að orða sinn trúarlega veruleika, að þau séu ekki trúuð eða trú ekki á neitt yfirnáttúrulegt. Daníel

³⁰ Sama heimild, bls. 62.

virðist hugsa þessi málefni á nokkuð annan hátt en aðrir viðmælendur. Hann gefur sér þrjá í einkunn trúarlegum mælikvarða og útskýrir þessa einkunn með því að hann hafi upplifað tilteknar tilfinningar við ákveðnar aðstæður sem hinir trúuðu tengi líklega við eigin trú. Um þetta er hann sérstaklega meðvitaður og útskýrði að hann sem trúlaus gæti haft rangt fyrir sér.

Trúarleg hugtök voru viðmælendum ekki handgengin. Hins vegar virtist nálgun út frá tilfinningum vera þeim hugleikin og kom vel fram í umræðu um bæn. Þetta bendir til þess að trúin hafi mótast í bernsku og sá þráður sé sá sterkasti hjá þeim flestum, þó að einnig megi sjá frekari rækt við trúarlega iðju eða hugmyndir, svo sem í tengslum við tólf spora kerfið.

Afstaða Nonna, þegar hann segist alls ekki trúður lengur en detti ekki í hug að segja sig úr kirkjunni, m.a. vegna þess góða starfs sem þar sé, minnir á lýsingu Davids Voas á „fuzzy fidelity“. David Voas notar það hugtak yfir fólk sem telur sig ekki vera trúað en vill samt tilheyra trúarlegri stofnun. Nonni fellur þó ekki alfarið í þennan flokk því að hann skýrði hvers vegna hann tilheyrði kirkjunni og voru ástæðurnar hans eigin trúarlegi bakgrunnur og virði trúarinnar fyrir móður hans.

Þegar Ösp lýsir afstöðu sinni til skírnar og trúar nefnir hún að fólk láti skíra börn sín af því að það sé hefð eða vegna pressu frá ættingjum. Hins vegar hafi frænka hennar látið skíra af því að hún væri sjálf trúuð og það var allt annað en að láta undan pressu. Réttmæti skírnarinnar var tengd trú. Þessi áhersla á að fylgja eigin sannfæringu kallast líka á við skrif kanadíska heimspekingsins Charles Taylor um leitina inn á við eftir því sem er rétt, er ekta, eins og hún er útfærð af dönsku guðfræðingunum Karen Marie Leth-Nissen og Berit Weigand Berg.³¹

Trú í trúlausum athöfnum?

Bogga greindi frá því að jógískar möntrur hefðu verið meðal þess sem var flutt við nafngjöf hennar barns. Það er áhugavert þar sem hún lýsti því að nafnaveisla hefði verið valin vegna þess að maðurinn hennar var ekki trúður og vildi ekki skírn. Jógískar möntrur eru í eðli sínu trúarlegar, notaðar í bæn og hugleiðslu í hindúisma og hjá fólki sem iðkar jóga sem íhugun um allan heim. Orðið kemur úr sanskrít og dregið af orði sem þýðir helgur texti, jafnvel töfrar. Það er greinilegt að Bogga og maður hennar sáu möntrurnar ekki sem trúarlegar (frekar en líklega flestir sem iðka jóga á Íslandi) en það er athyglisvert að um leið og nafnaveislan er skipulögð til að „drengirnir hafi trúfrelsi“ þá má sjá þar trúar- og/eða menningararf sem meðal annars birtist í skírnarkjólnum og svo bænir úr öðrum trúarbrögðum.

Fúsi lýsti sér sem trúlausum og þó að Freyja væri í Ásatrúarfélaginu sagði hann að hún tryði ekki á Óðin og Þór, þetta væri meira stuðningur við þjóðararfinn. Líkt og með jógamöntrurnar virðist Fúsi ekki sjá aðkomu Ásatrúarfélagsins sem trúarlega þó að hún sé leidd af goða. Að vissu leyti má lýsa

³¹ Karen-Marie Leth-Nissen og Berit Weigand Berg, *Dáb i dag*, bls. 73.

afstöðu hans sem frávali frá skírni, margt annað hafi komið til greina en ekki skírni.

Jákvæðni eða jákvætt hlutleysi í garð þjóðkirkjunnar

Þau sem höfðu látið skíra börn sín voru jafnan jákvæð í garð kirkjulegs starfs og þau sem bjuggu úti á landi þekktu gjarnan betur til starfsins í eigin bæjarfélagi en þau sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu. Í þéttbýli á suðvesturhorni landsins virtist þekking minni en þó jafnan einhver og þau lýstu áhuga á að sækja starfið ef það var til staðar og ef það hentaði.

Þau sem höfðu skráð sig úr kirkjunni gerðu það yfirleitt af því að þau voru ekki trúuð, þ.e. þau tóku trúarlega afstöðu og fylgdu henni eftir. Ekkert þeirra hafði skráð sig úr kirkjunni vegna óánægju með kenningu kirkjufólks eða vegna reiði út af tilteknu atviki sem kirkjuyfirvöld höfðu gert. Þau sem höfðu sagt skilið við kirkjuna áttu auðveldara með að lýsa trúarlegri afstöðu sinni en hin. Þegar rætt var um afstöðu til kirkjunnar birtist hún yfirleitt í því sem kalla mætti jákvætt áhugaleysi. Kristín talaði um að fara jafnvel með dótturina í sunnudagaskóla ef þannig bæri undir þó að dóttirin væri ekki skírð; Dís og Daníel tóku fram að börnin hefðu farið í sunnudagaskóla. Fúsi var sá sem yrti neikvæðari sýn, meðal annars þegar hann lýsti því sem hann sá sem inntak skírnar. Hann hafði þó ekki neikvæða sýn á kirkjuna sem slíka heldur á trúna og það hve kirkjan er ríkjandi í samfélaginu (t.d. þegar kemur að útförum).

Umræða um tengsl skírnar og skráningar í kirkjuna kom á óvart. Enginn viðmælenda þekkti þau lög sem um þau gilda og ákvarðanir sem foreldrarnir tóku endurspegluðu það. Dís skráði sig úr kirkjunni svo að börnin yrðu ekki skráð þar. Hún hélt að þau myndu enn fylgja móður þó að talsvert sé liðið frá lagabreytingunni 2013 þar sem kveðið er á um að börn séu sjálfkrafa skráð „Utan trúfélaga og óskilgreint“ ef foreldrar tilheyra ekki bæði sama trúfélagi. Það var einnig greinilegt að einhver tengdu skírni við skráningu í trúfélag (Kristín, Bogga) þó að það gerist ekki sjálfkrafa á Íslandi, öfugt við hvernig því er háttað annars staðar á Norðurlöndum.

Þessi áhersla á skráningu í tengslum við skírni bendir til þess að meðvitundin um að ekki séu allir í kirkjunni sé orðin sterkari en áður og að þeir foreldrar sem ekki völdu skírni líti á „félagaskráninguna“, þ.e. að skrá barn í trúfélag, sem neikvæðan fylgifisk skírnar.

Hefð og nærsamfélag

Tengsl við hefðir og nærsamfélag komu skýrt fram í báðum hópum viðmælenda. Þau sem völdu skírni nefndu yfirleitt að það hefði ekki verið nein spurning um að láta skíra börnin. Þau nefndu oftast hluti tengda skírinninni, t.d. skírarkjól, skál eða kirkjuleg tengsl (stað eða persónu). Þau sem ekki völdu skírni nefndu í fjórum af fimm tilvikum viðbrögð fjölskyldu eða kvíða gagnvart viðbrögðum fjölskyldunnar. Það var ekki að finna hjá þeim sem völdu skírni. Það gæti bent til þess að foreldrar (í einhverjum tilvikum var líka talað um ömmur en hér er þá yfirleitt um kynslóð eftirstriðsáranna eða X-kynslóðina að

ræða) hefðu aðra sýn og vildu fylgja trúarhefðinni. Þetta kemur heim og saman við breytingar á afstöðu kynslóðanna sem niðurstöður megindlegra kannana benda til.³²

Sjá mátti fylgni við val vina og upprunafjölskyldu þegar kom að ákvörðuninni. Eindregnasta dæmið er Blíða. Hún velur skírn eins og öll systkini hennar, hún velur sama prest og hafði skírt börn systkina hennar og sem hún þekkti úr æsku.

Samantekt og lokaorð

Svarendur eru af kynslóð Y og Z, og þá staðreynd má greina í svörum þeirra, einkum þeirra sem ekki velja skírn. Áherslan á einstaklingsgildi, sjálfstjórningu og frelsi einstaklingsins er orðuð. Sömu áherslu má einnig greina hjá þeim sem velja skírn þó að hún sé ekki jafnskýrt orðuð. Dæmi um það eru orð móður sem segir að skírinn sé svona fyrsta skref og börnin taki svo ákvörðun síðar.

Allir þátttakendur voru skírðir og fermdir sem börn og unglíngar. Að því leyti má segja að trúarlegur bakgrunnur sé svipaður. Allir foreldrarnir notuðu svipaðar yrðingar þegar kom að þeim gildum sem þau lögðu til grundvallar við uppeldi barnanna og það var af einum viðmælanda tengt mótandi áhrifum kristni og kristinnar orðræðu.

Hjá þeim sem létu skíra börnin sín er vitnað til hefðargilda frekar en trúarlegra gilda þegar talað er um ákvörðunina. Skírinn var sjálfsögð þó að foreldrar nefni einnig að börnin muni svo velja sína leið. Þau sem velja ekki skírn tala frekar um hana sem trúarlega athöfn. Þegar þátttakendur töluðu um eigin trú mátti sjá að þau sem völdu skírn, eða hefðu valið hana ef maki hefði samþykkt, settu sig yfirleitt ofar á trúarlegum mælikvarða og höfðu yfirleitt jákvæðari tengsl við trú en þau sem völdu ekki skírn. En yrðingar um trú voru út frá gildum og út frá bæn. Enginn nýtti orðfæri trúfræði eða játninga.

Greina mátti tengsl milli hefða í vinahópum og fjölskyldum og ákvörðunar um að velja skírn eða ekki. Áhrif þessara tengsla virtust ekki meðvituð en birtust í orðum viðmælenda. Það var til dæmis greinilegt hjá þeim tveimur þörum þar sem mæður lýstu vilja til að skíra en feður vildu ekki skíra. Systkini feðranna létu ekki skíra börnin sín en það gerðu systkini mæðranna.

Svör viðmælenda, bæði þeirra sem létu skíra börnin og þeirra sem ekki völdu skírn, sýna skýrt að þó að kirkja og trú skipti ennþá máli í samfélaginu virðist hvorugt sjálfsagt. Hvarvetna er meðvitund um að einstaklingurinn velji sjálfur þegar upp er staðið. Hefðin er ekki lengur sjálfsögð. Þetta kallast á við norrænar rannsóknir á skírn og líka þær kenningar sem sýna breytta trúariðkun og hugsanlega breyttan skilning á kristinni trú, hvort sem hann byggist á minni þekkingu en áður á kristinni trú, eða á leit að því sem er ekta og hentar einstaklingnum.

³² Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, „Skírinn á breytingaskeiði“, bls. 59–60.